

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Kópavogi.

*Lækjarbotnalönd nr. 40 og 43. Deiliskipulag frístundabyggðar.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 17. október 2002 samþykkt tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í Lækjarbotnalandi. Tillagan nær til Lækjarbotnalanda nr. 40 og 43. Í tillögunni felst m.a. að heimilt verður að byggja við núverandi sumarbústað á Lækjarbotnalandi nr. 40 (Litli Dalur) og á Lækjarbotnalandi nr. 43 verði heimilt að byggja nýtt sumarhús í stað þess sem fyrir er.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Golfvöllur í Leirdal. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 14. nóvember 2002 samþykkt tillögu að deiliskipulagi 9-holu golfvallar í Leirdal. Í tillögunni kemur jafnframt fram fyrirkomulag reiðleiða, gönguleiða, skógrækt og trjárækt ásamt landmótun á svæðinu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Vatnsendi. Settjörn. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 26. júlí 2002 samþykkt tillögu á um 2 ha svæði undir settjörn norðan Elliðavatnsstíflu. Settjörnin verður notuð til að leiða í ofanvatn (regn og snjócoma) og hitaveituvatn frá byggð í Vatnsenda. Tillagan var auglýst frá 24. apríl til 28. maí 2002 með athugasemdafresti til 11. júní 2002. Athugasemdir og ábendingar bárust. Tillagan var samþykkt óbreytt að öðru leyti en því að afrennsli úr fyrirhugaðri settjörn verður leitt í neðri hluta Bugðu, þ.e. verði að öllu innan lögsögumarka Kópavogs.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 9. janúar 2003.*

Skipulagsstjóri Kópavogs,

**Birgir H. Sigurðsson.**